

Samþykktir 40. aðalfundar
Landssambands smábátæigenda
17. og 18. október 2024

Efnisyfirlit

<i>Strandveiðar.....</i>	<i>2</i>
<i>Línuívilnun.....</i>	<i>3</i>
<i>Byggðakvóti</i>	<i>3</i>
<i>Grásleppa.....</i>	<i>3</i>
<i>Afladagbók.....</i>	<i>4</i>
<i>Flotvörpuveiðar</i>	<i>4</i>
<i>Tog- og dragnótaveiðar</i>	<i>4</i>
<i>Handfæraveiðar</i>	<i>4</i>
<i>Rannsóknir á lífríkinu, veiðarfærum og stofnunum</i>	<i>5</i>
<i>Lög um stjórn fiskveiða og reglugerðir</i>	<i>5</i>
<i>Aflvísir.....</i>	<i>6</i>
<i>Umhverfisívilnun</i>	<i>6</i>
<i>Ýmislegt</i>	<i>7</i>
<i>Tilboð LS til stjórnvalda.....</i>	<i>7</i>

Strandveiðar

Aðalfundur Landssambands smábátaeiganda skorar á stjórnvöld að beita sér fyrir að gera tímabundna tilraun til 3-5 ára um breytt fyrirkomulag strandveiða. Tilraunin felst í því að heimilt verði að veiða allt að 12 daga í mánuði í fjóra mánuði, sbr. lög þar um, án þess að til stöðvunar veiða komi. Með þessari tilraun yrði sóknarkerfi strandveiðanna skilið frá aflamarkskerfinu enda er það bæði rökrétt og í samræmi úrskurð mannréttindanefndar SP frá 2007. Um leið hyrfi öll samkeppni milli svæða, staða og útgerða úr strandveiðikerfinu og öryggi veiðanna yrði þannig í fyrirrúmi.

Nokkur atriði til viðbótar mæla með því að slík tilraun verði gerð:

1. Handfæraveiðar eru jafngamlar byggð á Íslandi og hér er því um að ræða meira en 1000 ára gömul mann- og atvinnuréttindi.
2. Handfæraveiðar eru meðal umhverfisvænustu veiða sem til eru og hafa hvorki hér né annars staðar í heiminum ógnað fiskistofnum.
3. Nánast fullkominn fyrirsjáanleiki yrði fyrir alla aðila sem hagsmuna eiga að gæta; aflamarkshafa, strandveiðisjómenn, fiskkaupendur, fjölda landfyrirtækja og sveitarfélaga/hafna.
4. Þar sem aflabrögð á strandveiðum fara fyrst og fremst eftir gæftum og fiskimagni á miðunum yrði afli breytilegur allt í kringum landið og frá ári til árs. Slíkt yrði mikilvæg viðbót við rannsóknagögn sem vísindamenn fengju þá aðgengi að (handfærarall).
5. Verði þessi tilraun gerð er eðlilegt að svokallaður 5,3% pottur kvótakerfisins verði minnkaður niður í ca. 3%. Þannig væru strandveiðarnar algerlega utan aflamarkskerfisins og togstreya milli þessara veiðikerfa heyrði þá sögunni til.

Miðað er við að þessi tilraun hefjist vorið 2025.

- Aðalfundur LS tekin verði upp heimild til pörunar á umframafla, þannig að hægt verði að jafna það sem er umfram í einum róðri í næsta róðri. Heimild þessi nái til 50 kg af óslægðum þorski.
- Aðalfundur LS leggur til að heimildir strandveiðibáta til löndunar í VS sjóð verði í samræmi við aðrar veiðar.
- Aðalfundur LS leggur til að skipstjóri strandveiðibáts skuli eiga minnst 26% í fyrirtæki sem gerir út strandveiðibát og það skráð í hlutafélagaskrá. Jafnframt að vera þinglýstur minnst sem 26% eigandi af sínum hlut í bátnum og jafnframt prókúruhafi. LS leggur áherslu á að ríkt eftirlit verði með eignarhaldi á bátum.
- Aðalfundur LS krefst þess að afli umfram 650 þorskígildi, annar en þorskur, teljist ekki til „skammtsins“ og lúti sömu lögmálum og ufsi gerir í dag.
- Aðalfundur LS leggur til að allur fiskur sem veiðist á strandveiðum skuli seljast á viðurkenndum fiskmarkaði, nema um sé að ræða mótframlag til byggðakvóta eða til eigin vinnslu.

- Aðalfundur LS beinir því til Matvælaráðuneytisins að reglugerð fyrir strandveiðar verði gefin út eigi síðar en mánuði áður en veiðitímabilið hefst.
- Aðalfundur LS krefst þess stjórnvöld felli niður sérstakt gjald (svokallaðan bryggjuskatt) við virkjun veiðileyfa við strandveiða og það notað þess í stað sem stuðningur við björgunarsveitir í viðkomandi byggðarlagi.
- Aðalfundur LS krefst þess að landið verði eitt veiðisvæði við strandveiðar.

Línuívilnun

- Aðalfundur LS leggur til að dagróðrabátum minni en 30 tonnum og styttri en 15 metrar verði tryggð línuívilnun. Ívilnun verði 30% þar sem beitt er í landi, 20% við uppstokkun. Línuívilnun nái til afla upp að 7 000 kg í róðri.
- Aðalfundur LS krefst þess að línuívilnun verði tryggð áfram og verði að lágmarki 1 500 tonn í þorski.

Byggðakvóti

- Aðalfundur LS leggur til að byggðakvóta skuli einungis úthlutað til báta minni en 30 brt með mestu lengd að 15 m og skráðir í viðkomandi byggðarlag. Úthlutun skal veidd af viðkomandi bát. Helmingur úthlutunarinnar skiptist jafnt milli umsækjenda.

Grásleppa

- Aðalfundur LS lýsir sig andvígán kvótasetningu grásleppu og vill að kvótasetningin verði afturkölluð, jafnframt verði sóknardagakerfi í grásleppuveiðum endurvakið með nýrri lagasetningu.

Greinargerð: Kvótasetning grásleppu mun skerða afkomu margra útgerða og þar með lífsafkomu fjölda fólks. Bátum á grásleppu mun fækka og hamla nýliðun, þannig að fólk sem hefur áhuga og getu til að hefja útgerð á grásleppu mun ekki hafa aðgang auðlindinni um ókomna tíð. Kvótasetning grásleppu skerðir enn frekar möguleika smábátaútgerðar á Íslandi til að vera sjálfbær, þ.e. að fólk geti lifað af smábátaútgerð einni saman.

Það eru engin líffræðileg rök á bak við kvótasetningu grásleppu og fiskistofninn hefur verið nýttur með skynsamlegum og sjálfbærum hætti í sóknardagakerfi í áratugi. Stofnstærðarmat stjórnvalda nýtir ekki viðkenningar Alþjóða Hafrannsóknaráðsins (ICES) sem áreiðanleg aðferðafræði sem byggð er á vísindalegum grunni. LS telur auðsýnt að hagsmunum heildarinnar, smábátaútgerðar á Íslandi í heild, sé fórnað fyrir sérhagsmuni.

Kvótasetning grásleppu er enn einn naglinn í líkkistu smábátaútgerðar á Íslandi og verður að afturkalla með hagsmuni smábátaútgerðar á Íslandi að leiðarljósi.

- Aðalfundur LS krefst þess að veiðiheimildum grásleppukvóta verði aðeins úthlutað á báta undir 15 brt og veiðiheimildir bundnar við þá stærð. Undanþegnir eru bátar sem höfðu rétt til grásleppuveiða áður en ný veiðistjórn tók gildi.
- Aðalfundur LS leggur til að fallið verði frá hugmyndum um takmörkunum á dýpt neta, til vara að aðlögunartími verði 3 – 4 ár.
- Aðalfundur LS leggur til að kveðið verði á um takmarkanir á heildarlengd neta í reglugerð – allt að 7 500 metrar.
- Aðalfundur LS mótmælir harðlega þeirri aðferðafræði sem viðhöfð hefur verið við útreikninga á meðafla í grásleppunet. Það er að segja uppreikning á fugli og sel úr veiðieftirlitsferðum Fiskistofu.
- Aðalfundur LS mótmælir harðlega enn og aftur þeirri ákvörðun að loka svæðum að fengsælum miðum við grásleppuveiðar í Faxaflóa vegna æðarvarps.

Afladagbók

- Aðalfundur LS leggur til að dagróðrabátar verði undanþegnir því að halda afladagbók.

Flotvörpuveiðar

- Aðalfundur LS leggur til að algjört bann við notkun flotvörpu við loðnuveiðar.

Tog- og dragnótaveiðar

- Aðalfundur LS mótmælir harðlega auknum heimildum til togveiða á grunnslóð umhverfis landið. Þá skorar félagið á stjórnvöld að endurskoða heimildir til veiða með dragnót upp í fjörur víða um land.

Handfæraveiðar

- Aðalfundur LS krefst frjálsra handfæraveiða.
- Aðalfundur LS leggur til að meðan frjálsar veiðar nást ekki fái handfæraveiðar 30% ívilnun.
- Aðalfundur LS leggur til að handfæraveiðar smábáta verði undanþegnar hrygningarstoppi.
- Aðalfundur LS leggur til að verði frjálsar handfæraveiðar ekki samþykktar, krefst LS þess að ufsi veiddur á handfæri teljist ekki til kvóta.
- Aðalfundur LS krefst frjálsra færaveiða smábáta á makríl.

Rannsóknir á lífríkinu, veiðarfærum og stofnunum

- Aðalfundur LS leggur til að Hafrannsóknastofnun rannsaki lífvænleika fisks sem sleppt er við handfæra- og línuveiðar.
- Aðalfundur LS telur ljóst að vísindalegar forsendur veiðiráðgjafar Hafrannsóknastofnunar í öllum fiskitegundum hafa engan veginn staðist og skýringar stofnunarinnar ótrúverðugar og án viðunandi rökstuðnings. Styður félagið framkomnar hugmyndir um eflingu rannsókna á lífríki hafsins og samspili nytjastofna þess og einnig að rannsóknir og ráðgjöf verði aðskilin.
- Aðalfundur LS hvetur til að rannsóknir á staðbundnum þorskstofnum verði eflar.

Greinargerð:

Í Noregi er sérstakt fiskveiðistjórnarkerfi sem lýtur að staðbundnum þorskstofnum. Það kallast „Kysttorsk“ og nýtur viðkenningar Alþjóða hafrannsóknarráðsins (ICES). Aflaheimildir „Kysttorsk“ eru til hliðar við stofnstærðarmælingu þorskstofnsins hjá norskum stjórnvöldum og er veiðiráðgjöf haldið aðskildum.

- Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að auka rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar, sérstaklega ef auka eigi nýtingu sjávargróðurs úr firðinum, og hvaða áhrif hún hafi á lífríki Breiðafjarðar og viðgang fiskseiða.
- Aðalfundur LS hvetur umhverfisráðherra, að beita sér fyrir því að gert verði umhverfismat á áhrifum veiðarfæra á sjávarbotn, lífríki sjávar og loftslagsins – kolefnisjöfnuð þess.

Lög um stjórn fiskveiða og reglugerðir

- Aðalfundur LS minnir stjórnvöld á að hafa ávallt til hliðsjónar við breytingar á lögum um stjórn fiskveiða að nýliðun í greininni verði möguleg því að okkar mati er það dapurleg framtíðarsýn að örfá stórfyrirtæki veiði og vinni allt sjávarfang af Íslandsmiðum. Við í afskekktustu byggðum landsins viljum og þurfum að hafa möguleika á að stunda fiskveiðar okkur til framfærslu um ókomna tíð.
- Aðalfundur LS leggur til að framsal veiðiheimilda fari í gegnum markað sem stjórnað er af opinberum aðilum.
- Aðalfundur LS fer þess á leit að lögum um stjórn fiskveiða verði breytt þannig að flutningsréttur milli ára myndist við leigu á aflamarki.
- Aðalfundur LS skorar á ráðherra að bjóða 4 000 tonna makrílpott upp með sama hætti og 5,3% pott, þannig að í stað leigugjalds komi þorskur í skiptum og verði nýttur í strandveiðar.
- Aðalfundur LS leggur til að skel og rækjubætur verði teknar af úthlutuðu aflamarki

- Aðalfundur LS hafnar hugmyndum um veiðar á krókaflamarki með netum.
- Aðalfundur LS hafnar sameiningu aflamarks og krókaaflamarks.
- Aðalfundur LS óskar eftir að handfæra- og línubátum verði heimilt að landa lúðu sem meðafla.
- Aðalfundur LS mótmælir harðlega reglugerðarbreytingu um fjölda gildra í 2 000 pr. bát.
- Aðalfundur LS krefst þess að allur humar verður veiddur í gildrum á bátum undir 30 tonnum og 15 metrum.

Aflvísir

- Aðalfundur LS mótmælir afnámi aflvísis úr lögum og krefst þess að stórum togurum verði úthýst af grunnslóð.

Greinargerð:

Gögn stjórnvalda benda til þess að á grunnslóðinni í kringum Ísland eru margir aðskildir og staðbundnir þorsstofnar. Þegar aflvísir var tekinn út úr lögum var stórum togurum sem stunda veiðar með botnvörpu, hleypt enn lengra og grynna inn á grunnslóðina. Þetta mun hafa geigvænlegar afleiðingar fyrir staðbundna þorsstofna og vistkerfið í heild sinni. Þetta er skref aftur á bak og gengur í berhöggi við sjálfbærni hugtakið. Smábátaútgerðin mun finna á komandi árum fyrir afleiðingum af þessari illa ígrunduðu ákvörðun stjórnvalda, þar sem smábátar á Íslandi stunda fyrst og fremst, nánast einvörðungu veiðar á grunnslóð.

- Aðalfundur LS mótmælir því harðlega að aflvísir skuli ekki lengur hefta togveiðar nálægt landi. Togarar að 29 metrum er nú heimilt að stunda veiðar upp að 3 sml frá landi á þeirri forsendu að það minnki kolefnisspor þeirra undir því yfirsíni að um græn orkuskipti sé að ræða.

Umhverfisívilnun

- Aðalfundur LS krefst þess að við ákvörðun um leyfilegan heildarafla verði tekið tillit til umhverfisvænleika veiðarfæra. Auknar krókaveiðar gefi þannig tilefni til hækkunar á prósentu sem tekið er úr veiðistofni (aflaregla).
- Aðalfundur LS telur áriðandi, að teknu tilliti þess samfélags sem við byggjum og loftlagsmarkmiða stjórnvalda, að viðurkennt verði að veiðar með handfærum séu vistvænni en aðrar veiðar sem stundaðar eru hér við land. Jafnt og eigendur tvinn bíla eiga handfæraveiðar að njóta ívilnunar.

Greinargerð:

Veiðarnar eru stundaðar á tvinn bátum, þ.e. þeir hafa tvær aflrásir, önnur sem nýtir jarðefnaeldsneyti til keyrslu að og frá veiðistað og hin sem knúin er af orku frá rafgeymum sem nýtt er til veiða. Rafgeymar eru svo hlaðnir á keyrslu og með landrafmagni.

Ýmislegt

- Aðalfundur LS telur ástæðu til að leitað verði til Samkeppniseftirlitsins og kannað hvort samráð sé milli fiskmarkaða í landinu.
- Aðalfundur LS leggur til að aflaregla verði hækkuð úr 20% í 25%.
- Aðalfundur LS styður hvalveiðar sem eðlilega nýtingu sjávarauðlinda.
- Aðalfundur LS krefst þess að GSM samband verði þegar bætt á öllum miðum. Hér eru um öryggismál að ræða.
- Aðalfundur LS hvetur félagi í LS til þess að styrkja byggingu nýrra björgunarskipa með fjárframlagi.

Tilboð LS til stjórnvalda

Landssamband smábátaeigenda gerir stjórnvöldum tilboð um að félagsmenn veiði 10 000 tonn af þorski á fiskveiðiárinu sem hefst 1. september 2025. Fyrir hvert veitt kílógramm greiðast krónur eitthundrað í ríkissjóð.

Skylt er að selja aflann gegnum fiskmarkaði.

Fjórðungur af aflaverðmæti meðafla greiðist einnig í ríkissjóð.

Reiknistofa fiskmarkaða sér um að greiðslur skili sér til ríkissjóðs.

Veiðar samkvæmt framanrituðu skulu fara fram á þeim tíma sem viðkomandi stundar ekki strandveiðar.

Veiðiheimildir geti verið viðbót við heildarafla samkvæmt aflareglu.

Tilgangur þessa boðs er að auka tekjur ríkissjóðs af auðlindinni um einn milljarð. Samhliða væri ávinningur meðal annars þessi:

Aukið rekstraröryggi kvótalítilla báta.

Aukinn stuðningur við dreifðar byggðir landsins.

Aukið vægi umhverfisvænna veiða.

Umsækjendur afsali sér rétti til að flytja frá sér veiðiheimildir í þorski á viðkomandi fiskveiðiári.

Umsóknir um þátttöku skulu berast til LS.

Guðlaugur Jónasson formaður Bárunnar, Jóhannes Marian Simonsen formaður Sæljóns, Finnur Sveinbjörnsson formaður Smábátafélags Reykjavíkur, Eggert Unnsteinsson formaður Árborgar, Benedikt Bjarnason formaður Eldingar